



REYKJANESHÖFN

Reykjaneshöfn – Ársuppgjör 2007

Meðfylgjandi er ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2007 og fréttatilkynning vegna hans, en ársreikningurinn var samþykktur af hafnarstjórn 14. apríl 2008 og verður samþykktur af bæjarstjórn 06. maí 2008.

	2007	2006	Fjárhags- áætlun 2007
Rekstrartekjur	185.342.724	111.192.191	119.686.000
Rekstrargjöld	127.130.290	94.937.418	87.550.000
Hagnaður fyrir afskriftir	58.212.434	16.254.773	32.136.000
Rekstrarniðurstaða	23.630.960	(19.264.605)	(11.564.000)
Tap ársins	(237.956.156)	(289.498.488)	(226.564.000)
Eignir	31.12. 2007	31.12. 2006	áætlun 2007
Fastafjármunir	722.289.103	728.313.730	725.903.000
Veltufjármunir	319.736.338	145.061.800	110.738.000
Eignir	1.042.025.441	873.375.530	836.641.000
Eigið fé og skuldir	31.12. 2007	31.12. 2006	áætlun 2007
Eigið fé	(1.432.368.949)	(1.142.870.461)	(1.485.656.000)
Langtímaskuldir og skuldbindingar	1.574.735.246	1.908.458.175	2.000.367.000
Skammtímaskuldir	1.139.085.268	397.286.304	321.930.000
Skuldir	2.713.820.514	2.305.744.479	2.322.297.000
Eigið fé og skuldir	1.042.025.441	873.375.530	836.641.000
	2007	2006	áætlun 2007
Handbært fé til rekstrar	(243.652.064)	(24.563.416)	(47.603.000)
Veltufé til rekstrar	(60.737.474)	(84.014.116)	(72.573.000)

Ársreikningur Reykjaneshafnar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar fjármálaráðuneytisins um reikingskil sveitarfélaga.

Starfsemi Reykjaneshafnar er fjármögnuð með rekstrategjum frá hafnarrekstri og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki í 100% eigu Reykjanesbæjar.

Rekstrartekjur hafnarinnar á árinu 2007 námu 185,3 millj. kr. og rekstrargjöld kr. 127,1 m.kr. og þar af laun 49,2 m.kr. samkvæmt ársreikningi. Hagnaður fyrir afskriftir 58,2 m.kr. Afskriftir 34,6 m.kr. fjármunatekjur og -gjöld 261,6 mkr. en tap ársins 238,0 mkr.

Framkvæmdir voru litlar á árinu 2007, aðeins unnið við gatnagerð, lóðir og skipulag hafnar- og atvinnusvæðisins í Helguvík og fjárfest fyrir 33,1 m.kr.

Framtíðarsýn:

Lóðaúthlutun í Helguvík fór af stað í lok ársins 2005 og verður haldið áfram á árinu 2008. Mikil uppbygging á atvinnusvæðinu í Helguvík fór af stað á árinu 2006, og verða reistar fjöldi bygginga fyrir iðnaðar- og þjónustufyrirtæki á árinu 2008 eins og 2007.

Rekstrarumhverfi Reykjaneshafnar hefur batnað, tekjur aukast í tengslum við uppbygginguna í Helguvík í formi lóðarleigutekna. Reykjanesbær samþykkti að allar gatnagerðar- og fasteignagjaldatekjur á hafnarsvæðunum í Keflavík, Njarðvík og Helguvík renni til Reykjaneshafnar frá og með 1. janúar 2006. Fasteignargjöld í Helguvík hafa aukist á árinu 2007 og munu hækka ört á árinu 2008 með nýju iðnaðarhúsnæði.

Tekjur af olfubryggjunni í Helguvík hófust að nýju í janúar 2007, og skýrir það betri afkomu en ráð var gert fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2007, en allt þotueldsneyti á Keflavíkurlflugvelli fer nú um Helguvíkurhöfn.

Reykjaneshöfn undirritaði 27.4. 2006 hafnarsamning og lóðarsamning í Helguvík við Norðurál. Fyrirhugað er að reisa allt að 250 þúsund tonna álver í áföngum. Fyrsti áfangi yrði 150 þúsund tonna álver og vonast er til að bygging hans hefjist í maí 2008 með jarðvegsvinnu lóðar, og framleiðsla hafist á árinu 2010. Í framhaldi af því muni rekstur hafnarinnar komast í jafnvægi og tekjurnar verða hærri en fjármagnskostnaðurinn, og höfnin nái að greiða niður skuldir sínar.